

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 736/2009, um úthlutun aflaheimilda í þorski vegna tilrauna við föngun fisks til áframeldis og framkvæmd þess.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fiskveiðiárið 2015/2016 hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til sérstakrar ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 250 lestum af óslægðum þorski, sem ráðstafað skal til tilrauna með áframeldi á þorski.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a) Í stað orðanna „31. mars ár hvert“ í 1. mgr. 3. gr. kemur: 10. ágúst.
- b) Í stað 1. másl. 4. mgr. koma tveir nýir másl. sem orðast svo: Við mat á umsóknum þorskeldis-fyrirtækja skal höfð til viðmiðunar frammistaða fyrirtækisins á síðasta fiskveiðiári, ef um er að ræða fyrirtæki sem einnig hafa fengið úthlutað aflaheimildum á því fiskveiðiári, m.a. með hliðsjón af framleiðslu (líffungaaukningu í eldinu). Í þeim tilvikum þar sem framleiðsla er neikvæð er heimilt að taka mið af meðaltali síðustu þriggja ára.
- c) 4. másl. 4. mgr. fellur brott.
- d) 6. másl. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

2. másl. 2. mgr. 8. gr. fellur brott.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. júlí 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Hinrik Greipsson.